Nr. 32.
22.
október.

# Lög
um
## einkasölu-heimild landsstjórnarinnar á steinolíu.

**Vjer Christian hinn Tíundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa svo mikla steinolíu, sem henni þurfa þykir til að birgja landið, og selja hana kaupmönnum og öðrum (kaupfjelögum, sveitarfjelögum o. s. frv.), fyrir það verð, er liðlega svari kostnaði og vöxtum.

Í þessu skyni veitist stjórninni heimild til að taka það lán, sem á þarf að halda.

2. gr.

Meðan stjórnin notar þessa heimild, er engum öðrum leyfilegt að flytja hingað til lands steinolíu, en stjórninni.

3. gr.

Stjórninni er heimilt að fela einstökum mönnum eða hlutafjelögum innlendum að standa fyrir kaupum og sölu á olíunni, og hún má einnig framselja í þeirra hendur heimild sína og einkarjett til olíuinnflutnings eftir lögum þessum, með þeim skilyrðum, er hún telur hyggileg og nauðsynleg, þó ekki lengur en 5 ár.

4. gr.

Brot gegn 2. gr. laga þessara varða sektum alt að 100,000 kr., og skal ólöglega innflutt olía upptæk, og andvirðið renna í landssjóð. Með brot gegn lögunum skal farið sem með almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 22. október 1912.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***
(L. S.)

***H. Hafstein.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov af 18de September 1891.

# Lov

om

## Bemyndigelse for Regeringen til Monopolisering af Petroleumshandelen.

Nr. 32. 22. Oktober.

**Vi Christian den Tiende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Regeringen bemyndiges til at opkøbe saa megen Petroleum, som anses for nødvendig til Landets Forsyning, og til at sælge den til Købmænd og andre (Handelsselskaber, Kommuner o. s. v.) til en Pris rundelig svarende til Omkostningerne og Renter.

Regeringen bemyndiges til at optage det i saa Henseende fornødne Laan.

§ 2.

Saalænge Regeringen benytter denne Bemyndigelse, er det alle andre end Regeringen forment at indføre Petroleum her til Landet.

§ 3.

Regeringen er bemyndiget til at overdrage til Private eller til indenlandske Aktieselskaber at forestaa Indkøb og Udsalg af Petroleum, eller til at overdrage dem sin egen Bemyndigelse og Eneret paa Indførselen af Petroleum ifølge denne Lov, paa de Vilkaar som den anser for hensigtsmæssige og nødvendige, dog ikke for længere Tidsrum end 5 Aar.

§ 4.

Overtrædelse af denne Lovs § 2 straffes med Bøder indtil 100,000 Kr., hvorhos den ulovlig indførte Petroleum konfiskeres, og det indkomne Beløb tilfalder Landskassen. Overtrædelser af Loven behandles som offentlige Politisager.

§ 5.

Denne Lov træder straks i Kraft.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 22. Oktober 1912.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

---

**Islands Ministerium, den 22. Oktober 1912.**

***H. Hafstein.***

*Jon Krabbe.*

Nr. 32. Lov af 22. Oktober om Bemyndigelse for Regeringen til Monopolisering af Petroleumshandelen.